



HAFNARFJÖRÐUR

Fundur Öldungaráðs 27.apríl kl. 14.30

Mættir:

Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir form, Þórdís B. Kristinsdóttir og Magnús Pálsson Sigurðsson.

Fjarverandi: Þórarinn Þórhallsson, Guðlaug Steinsdóttir og Elísabet Valgeirsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð lesin og samþykkt.

- Minnisblað frá fundi fjölskylduráðs lagt fram með aðgerðaráætlun Hafnarfjarðarbæjar vegna Covid - 19.
- Gjaldskrá heimaþjónustu verði tekjutengd
 - Einstaklingar með tekjur undir 326.300 kr. á mánuði verði gjaldfrjálsir
 - Einstaklingar með tekjur frá 326.300 -391.560 kr. á mánuði greiði 515 kr. fyrir klukkustundina.
 - Einstaklingar með hærri tekjur en 391.561 kr. á mánuði greiði 1.040 kr. fyrir klukkustundina.
 - Hjón með tekjur undir 530.239 kr. á mánuði verði gjaldfrjáls
 - Hjón með tekur frá 530.239 til 636.285 kr. á mánuði greiði 515 kr. fyrir klukkustundina.
 - Hjón með hærri tekjur en 636.286 kr. á mánuði greiði 1.040 kr. á mánuði.

Gjaldið fyrir heimaþjónustu er í dag 757 kr.

- Frístundastyrkur eldri borgara verði tekjutengdur
- Einstaklingar með lægri tekjur en 391.560 kr. á mánuði eigi rétt til frístundastyrks en ekki þeir sem hafa hærri tekjur.

Öldungaráð veitir jákvæða umsögn í ljósi þeirra aðstæðna sem eru í samfélaginu. Jafnframt horfir öldungaráðið til þess að allir tekjuhópar njóti frístundastyrks á farsælli tímum.

Öldungaráð lítur svo á að með þeim breytingum sem verið er leggja til vegna COVID-19 sé verið að verja hag lægsta tekjuhóps eldri borgara í sveitarfélaginu.

Önnur mál:

Umræða um félagsstarf eldri borgara, fundur vegna opunar er boðaður 28.apríl 2020.

Umræða um kjaramál eldri borgara með hliðsjón af skattkerfisbreytingum stjórnvalda.



Fleira ekki gert og fundi slitið .